

Athugasemdir við Landgræðsluáætlun í Samráðsgátt

Undirritaður fagnar gerð landgræðsluáætlunar, tekur undir allt sem þar er lagt til, og leggur til eftirfarandi atriði sem öll eru í góðu samræmi við landgræðslulög og skipunarbréf verkefnisstjórnarinnar:

1. **Aukin nýting lífræns efnis til landgræðslu.** Landgræðslan leiðbeini og styðji þá sem dreifa lífrænu efni á jarðvegsrofsvæði, hvort heldur moltu, heyi eða skít. Nái m.a. til verkefnisins Bændur græða landið.

2. Í samráði við Vegagerðina og Ferðamálastofu verði sett upp verkefni til að **draga úr útbreiðslu alaskalúpínu með aðalvegum landsins.** Lúpína í blóma er mjög áberandi og frek á athygli yfir sumarmánuðina þegar flestir eru á ferð.

Lúpína er orðin mjög útbreidd með vegum. Þar var auðvelt að sá henni (meðan frá var aðgengilegt almenningi) og þegar hún er komin í vegkanta dreifa ökutæki og snjóruðningstæki frá og smiti í nýja vegkanta.

Áhersla verði lögð á að hindra útbreiðslu á ný svæði sem blasa við af fjölförnum vegum en hún látin óáreitt þar sem hún er orðin útbreidd. Þannig muni vegfarendum áfram gefast kostur á að sjá áfram fallegar bergmyndanir og annan gróður en lúpínu.

Í verkefnalýsingu Umhverfisáætlunar (bls. 13) er gert ráð fyrir að við einkunnargjöf verði m.a. unnið með þessa umhverfisvísa sem þetta verkefni myndi ná til:

Áhrif aðgerða á útivist og náttúruupplifun ferðamanna

Áhrif aðgerða á landslagsheildir út frá náttúruvernd

Áhrif aðgerða á landslag/útsýni

Áhrif á ágengni innfluttra tegunda.

Vegagerðinni og Ferðamálastofu verði bætt við lista yfir ríkisstofnanir og opinber fyrirtæki (bls. 10) sem haft verið samráð við.

Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd vinna m.a. að takmörkun útbreiðslu lúpínu. Hér er hægt að lesa um fyrirkomulag og árangur þess starfs: [Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013 - 2019](#)
[Hér er grein eftir undirritaðan um lúpínu með vegum.](#)

Náttúrufræðstofnun Íslands kortleggur útbreiðslu lúpínu, sjá t.d. [hér](#).

3. Stuðlað verði að **nýmyndun votlendis á blautum og lítt grónum söndum.** Dæmi um slík svæði eru gljár meðfram Suðurströndinni. Undirritaður þekkir vel eitt slíkt svæði í Vestur-Landeyjum. Með því að stjórna vatni og útbreiða melgresi á ákveðinn hátt er hægt að flýta uppgræðslu lægstu svæðanna, en þar er sums staðar að myndast nýtt, blómum skrytt mýrlendi með tilheyrandi kolefnisbindingu.

Það sem helst virðist hindra slíka sjálfræðslu er öldugangur vatns. Því þarf að hólfa stærstu svæðin niður með melgresishólum. Þetta nýja votlendi liggur svo lágt að það verður aldrei hægt að þurrka upp og kolefnisbindingin því býsna varanleg.

Þarna hefur að líkindum einhvern tíma verið gróið land sem Markarfljót hefur eytt þegar hvísl úr því lá í Þverá og Hólsá allt fram til ársins 1923.

Vogum, 15. febrúar 2020

Þorvaldur Örn Arnason
Líffræðingur og kennari á eftirlaunum.

valduorn@simnet.is

s. 895 6841